

Byggðamálaráð

Fundargerð 11. fundar byggðamálaráðs Fjarfundur haldinn 5. nóvember 2020 kl. 13.00

Dagskrá:

1. Samráðsfundir vegna stöðumats
2. Vinnan við gerð stöðumats (grænbókar)

Mættir: Ágúst Bjarni Garðarsson formaður, Hanna Dóra Hólm Másdóttir, Karl Björnsson, Ingveldur Ása Konráðsdóttir, Sigurður Árnason (í forföllum Aðalsteins Þorsteinssonar), Hermann Sæmundsson, Reinhard Reynisson og Hólmfríður Sveinsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Umfjöllun og afgreiðsla:

1. Samráðsfundir vegna stöðumats

Í tengslum við vinnu við stöðumat byggðaaætlunar (grænbók) hafa verið haldnir samráðsfundir á netinu með öllum landshlutasamtökum sveitarfélaga, þingmönnum, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál, alls 11 fundir. Fyrsti fundurinn fór fram 13. október og sá síðasti 2. nóvember. Hólmfríður og Reinhard hafa stýrt fundunum og fóru þau yfir það helsta sem þar kom fram og var það rætt.

Á fundunum kom fram almenn ánægja með gildandi byggðaaætlun, bæði með mótun hennar og framkvæmd. Ráðsmenn sammála um að ekki sé ástæða til að gera miklar breytingar, en nýta tækifærið sem felst í endurskoðuninni til að gera enn betur.

Boðað verður til annarrar fundarlotu með sömu aðilum áður en tillaga að þingsályktun (hvítbók) verður sett í samráðsgátt stjórnvalda næsta vor.

2. Vinna við gerð stöðumats (grænbókar)

Vinnan við grænbókina gengur vel og fóru Hólmfríður og Reinhard yfir þá vinnu. Umræður. Fyrir fundinn höfðu ráðsmenn fengið sendar tillögur að áskorunum og lykilviðfangsefnum sem settar verða fram í grænbókinni og voru þær tillögur ræddar sérstaklega. Tillögurnar byggja á gildandi byggðaaætlun, umræðum á samráðsfundunum og áherslum ráðherra. Val á lykilviðfangsefnum eru mikilvæg þegar kemur að mótun þingsályktunartillögunar (hvítbókarinnar). Nokkuð miklar umræður urðu um efnið. Ráðsmenn sammála um tillögurnar í meginatriðum og var Hólmfríði og Reinhard falið að vinna þær áfram.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.15.